

## SAMÞYKKT

### um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi.

#### 1. gr.

##### Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir um meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs í Kjósarhreppi. Um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi fer samkvæmt þessari samþykkt, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og öðrum reglugerðum settum með stöð í framangreindum lögum.

#### 2. gr.

##### Markmið.

Markmið samþykktar þessarar er að meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, stuðla að endurnotkun og endurnýtingu, lágmarkun kostnaðar samfélagsins og góðri þjónustu við íbúa.

Fyrirkomulag söfnunar og meðhöndlunar úrgangs skal stuðla að því að markmiðum laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi 2022-2033 verði náð í sveitarfélaginu, þ.m.t. töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu.

Horft verður til úrgangspríhryningsins í meðhöndlun úrgangs, áhersla lögð á úrgangsfornir og mengunarbótareglan höfð að leiðarljósi við ákvörðun um gjaldtöku vegna meðhöndlunar úrgangs.

#### 3. gr.

##### Fyrirkomulag á söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs.

Kjósarhreppur ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu og sér til þess að rekin sé söfnunarstöð og grenndarstöðvar fyrir úrgang samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum með stöð í þeim lögum.

Sveitarstjórn ákveður tíðni söfnunar úrgangs í samráði við framkvæmdaraðila söfnunar. Kjósarhreppur hefur daglegt eftirlit með því að framkvæmd úrgangsmála sé í samræmi við ákvæði samþykktarinnar og hefur reglulegt samráð við framkvæmdaraðila söfnunar um leiðir til að bæta þjónustu og auka árangur í málaflokknum.

Sorphyrdudagatal er gefið út í byrjun hvers árs og oftast ef breytingar verða á tíðni losunar. Í sorphyrdudagatali kemur fram hvenær blandaður heimilisúrgangur og lífúrgangur og annar endurvinnanlegur úrgangur er sóttur að heimilum, og eftir atvikum til rekstraraðila, sbr 2. mgr. 6. gr.

Sveitarstjórn sér til þess að upplýsingar með fræðslu um flokkun og aðra meðhöndlun úrgangs, móttöku hans, endurnýtingu og förgun séu aðgengilegar, t.d. á vefsíðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd með tilteknum þáttum meðhöndlunar úrgangs. Viðkomandi skal hafa staðfesta skráningu eða starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

#### 4. gr.

##### Íbúðarhúsnæði.

Sú skylda hvílir á handhafa úrgangs að flokka úrganginn og setja hann í rétt ílát við heimilið, eða að öðrum kosti koma honum til viðeigandi meðhöndlunar á grenndarstöð eða söfnunarstöð. Heimilisúrgang skal flokka í að lágmarki sjö flokka sem óheimilt er að setja í ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang:

- Lífúrgang (þ.m.t. matarleifar). Lífúrgang skal setja í pappírspoka áður en hann er settur í sorpilát. Sveitarstjórn getur ákveðið að bjóða íbúum að sækja um þátttöku í reynsluverkefni um heimajarðgerð, í stað þess að safna lífúrgangi í sérílát.
- Pappír og pappa.
- Plast.
- Textíl.

5. Málma.
6. Gler.
7. Spilliefni.

Kjósarhreppur annast söfnun og útvegjar sorphílát í eigu sinni sem húsráðendum er skylt að nota.

Að lágmarki skulu vera ílát fyrir fjóra flokka úrgangs við hvert íbúðarhús. Stærð íláta við hvert íbúðarhús er að jafnaði eftirfarandi:

- a. 240 lítra tunna fyrir pappír og pappa,
- b. 240 lítra tunna fyrir plast,
- c. 140 lítra tunna fyrir lífúrgang,
- d. 240 lítra tunna fyrir blandaðan heimilisúrgang.

Sé fyrriséd að ílátin yfiryllist reglulega getur fasteignareigandi óskað eftir stærri eða fleiri ílátum á sinn kostnað. Einnig getur hann farið með umframmagn heimilisúrgangs á söfnunarstöð sveitarfélagsins og greitt fyrir samkvæmt gildandi gjaldskrá.

#### 5. gr.

##### *Frístundahúsnæði.*

Húsráðanda frístundahúss er skylt að flokka þann úrgang sem til fellur í samræmi við samþykkt þessa. Húsráðandi ber ábyrgð á að skila úrgangi á grenndarstöð eða söfnunarstöð sveitarfélagsins eftir því sem við á.

#### 6. gr.

##### *Atvinnustarfsemi.*

Rekstraraðilum fyrirtækja, stofnana, bújarða og býla er skylt að flokka og skila þeim úrgangi sem til fellur hjá þeim í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og þessa samþykkt.

Óski rekstraraðili þess að Kjósarhreppur sjái um sorphirðu hjá honum annast sveitarfélagið hirðu og útvegjar sorphílát í eigu sinni sem rekstraraðila er skylt að nota samkvæmt sérstökum samningi. Rekstraraðilum í Kjósarhreppi sem ekki eru með samning við Kjósarhrepp ber að gera samning við sorphirðuaðila um söfnun og eftir atvikum meðhöndlun úrgangs. Öllum rekstraraðilum er skylt að flokka þann úrgang sem til fellur í samræmi við samþykkt þessa.

Sveitarfélagið annast söfnun á rúlluplasti. Rúlluplasti er safnað eftir þörfum, að jafnaði fjórum sinnum á ári og skulu notendur ganga frá plastinu í samræmi við fyrirmæli framkvæmdaraðila söfnunar sem Kjósarhreppur kemur á framfæri við hlutaðeigendur áður en söfnun hefst, þannig að söfnunin gangi sem best og að verðmæti rúlluplasts til endurvinnslu sé sem mest.

Sorphílát og umgengni við þau, svo og flutningur á úrgangi frá rekstraraðilum, skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og samkvæmt reglugerð um meðhöndlun úrgangs. Staðsetning gáma fyrir rekstrarúrgang skal vera í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar, sbr. lög um mannvirki, nr. 160/2010, og byggingarreglugerð, nr. 112/2012.

#### 7. gr.

##### *Frágangur og skil á úrgangi frá heimilum og rekstraraðilum.*

Í sorphílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja heimilisúrgang í samræmi við nánari fyrirmæli um flokkun úrgangs, sbr. 4. og 6. gr. Óheimilt er að láta rúmfrekan garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn, timbur og annan grófan úrgang í sorphílát og grenndargáma sem ætluð eru fyrir heimilisúrgang. Ofantaldan úrgang eiga húsráðendur að losa á söfnunarstöð sveitarfélagsins. Það á líka við um byggingar- og niðurrifsúrgang, úr sér gengin húsgögn eða raf- og rafeindatæki.

Húsgögnum, fatnaði, húsbúnaði og öðru nýtanlegu skal leitast við að koma í endurnotkun eða í þar til gerða móttöku á söfnunarstöð sveitarfélagsins.

Spilliefnum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á söfnunarstöð sveitarfélagsins. Lyfjum skal skila í apótek.

## 8. gr.

*Skyldur húsráðenda og landeigenda.*

Íbúum, húsráðendum, rekstraraðilum og landeigendum í sveitarfélaginu ber að fara eftir þeim reglum sem sveitarfélagið setur um meðhöndlun úrgangs.

Sorpilát sem geymd eru utanhúss skulu standa á fastri undirstöðu, til dæmis í sorpgerði eða með hentugum festingum og vera þannig staðsett að aðgangur að þeim sé greiður og af þeim geti ekki stafað óþægindi eða óþrifnaður fyrir umhverfið. Einnig skal gæta þess að ílát séu lokað og vel fest eða skorðuð þannig að ílát eða úrgangur fjúki ekki burt, verði ekki fyrir ágangi dýra eða fyllist af snjó eða regnvatni.

- a. Sérhverjum fasteignareiganda eða umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) í sveitarfélaginu er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir sem sveitarstjórn ákveður.
- b. Fasteignareigendur skulu annast frágang á sorpilátum á lóð þannig að ekki þurfi að draga þau lengra en 20 m að lóðarmörkum/aðkomu söfnunarbíls.
- c. Setja skal allan úrgang í viðeigandi sorpilát að öðrum kosti er framkvæmdaraðila söfnunar heimilt að skilja hann eftir og tilkynna húsráðanda um ástæðuna.
- d. Fasteignareigendum ber að gæta þess að fasteign fylgi nægilega mörg sorpilát og að fylla ekki ílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Sé fyrirséð að ílátin yfirfyllist getur húsráðandi farið með umframmagn heimilisúrgangs á söfnunarstöð sveitarfélagsins.
- e. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi.
- f. Gott aðgengi skal vera að sorpgeymslum og ílátum og hindrunarlaus leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun á öllum árstímum.
- g. Flokkaðan úrgang skal geyma og meðhöndla þannig að gæði hans fyrir væntanlega endurvinnslu eða aðra endurnýtingu skerðist sem minnst.
- h. Notendum grenndarstöðva og söfnunarstöðvar er skylt að virða reglur sveitarfélagsins um flokkun úrgangs. Óheimilt er að skilja eftir úrgang fyrir utan gáma eða á svæðinu í kringum þá.
- i. Úrgang má einungis meðhöndla í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins.
- j. Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs um skyldur húsráðenda og frágang sorpgerða og sorpgeymslna.

Ílát verður ekki hirt ef aðstæður hindra hirðuaðila í að sinna þjónustunni, ástæður geta verið eftirfarandi:

- a. Ílát inniheldur úrgang sem ekki á að safna eða flokkun úrgangs er röng.
- b. Ílát er yfirfullt eða stíflað þar sem úrgangi er þjappað í það.
- c. Ílát finnst ekki, aðgangur er hindraður eða það vantar lykila að geymslum.
- d. Ílát eða aðstaða brýtur í bága við ákvæði samþykktar þessarar.
- e. Ekki er hægt að færa ílát að hirðubíl til losunar þar sem leiðin að íláti er lokað eða ógreiðfær.

Ef losun er hafnað skal húsráðanda tilkynnt um ástæður þess. Hirða fer þá fram við næstu reglulegu hirðu nema húsráðandi semji um annað og greiði fyrir þá aukaþjónustu samkvæmt gjaldskrá.

## 9. gr.

*Umgenngi á almannaferi.*

Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti. Óheimilt er að losa úrgang annars staðar en á grenndar- eða söfnunarstöð, eða í sorpilát. Opin brennsla úrgangs er óheimil. Þetta á þó ekki við um skipulagðar brennur, t.d. áramótabrennur o.þ.h., sem hafa fengið staðfesta skráningu, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrifnaðarskyni. Í því skyni er heilbrigðisnefnd heimilt að:

- a. krefjast lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið,
- b. fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrifs húsa og girðinga í niðurníðslu,
- c. láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum, og
- d. hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu. Sveitarstjórn skal sjá um að hreinsun fari fram á opinberum stöðum, t.d. gördum og torgum.

## 10. gr.

*Söfnunarstöð.*

Gámar fyrir blandaðan heimilisúrgang, plast, pappír og pappa, raf- og rafeindatæki, garðaúrgang, grófan úrgang, timbur, málma, steinefni, hjólbarða, ökutæki, nytjahluti og spilliefni eru staðsettir á söfnunarstöð sveitarfélagsins við Hurðarbaksholt. Söfnunarstöðin er ætluð fyrir úrgang sem ekki á heima í þeim ílátum sem flokkað er í við heimili, hjá rekstraraðilum eða á grenndarstöð.

## 11. gr.

*Gjaldtaka.*

Sveitarstjórn innheimtir gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs, í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Gjald skal lagt á hverja fasteign, frístundahús, lögbýli, rekstraraðila og óbyggða lóð sem nýtur þjónustu samkvæmt samþykkt þessari.

Við ákvörðun gjaldsins skal miða við að innheimta sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, s.s. með því að miða gjaldið við magn úrgangs, þ.e. stærð og fjölda sorpílata, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Gjald má aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Framangreint gjald skal ákvarðað og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er skv. 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda og skal í gjaldskránni vísað til þessarar samþykktar.

## 12. gr.

*Brot á samþykkt, kvartanir og kærur.*

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við skrifstofu Kjósarhrepps eða til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 13. gr.

*Valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög.*

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Um viðurlög fer samkvæmt XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## 14. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og staðfestist hér með til

Nr. 570

2. maí 2024

Þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 30/2007 um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 2. maí 2024.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Ingvarsson.**

*Trausti Ágúst Hermannsson.*

B-deild – Útgáfudagur: 16. maí 2024